

Vegagerðin
Magnús Björnsson
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfjörður

2004110038
7708; 9310

Reykjavík, 28. desember 2004
/--

Efni: Hringvegur um Dynjanda, Hornafirði. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 10. nóvember 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt framkvæmd á Hringvegi um Dynjanda, Hornafirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarfélagsins Hornafjarðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá sveitarfélaginu Hornafirði með bréfi dags. 26. nóvember og tölvubréfi dags. 22. desember 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 26. nóvember 2004 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 29. nóvember og 15. desember 2004. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 7. desember 2004 og tölvupósti dags. 20. desember 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrirhuguð er endurbyggingu Hringvegur um Dynjanda á um 1,3 km kafla við Skarðsfjörð en hann er svæði nr. 629 á Náttúruminjaskrá, þ.e. svæði sem nær yfir fjörur, grunnsævi, eyjar og sker. Framkvæmdasvæðið er í landi Dynjanda og Haga og hefur samráð verið haft við landeigendur og fulltrúa Hornafjarðarbæjar og hafa þeir ekki gert athugasemdir. Núverandi vegur liggur út í fjöru Skarðsfjarðar á um 400 m kafla og munu vegfláar á endurbyggðum vegi ná þar allt að 15 m lengra út í fjöruna sem er ýmist klappar- eða malarfjara. Á um 350 m kafla sveigir veglínan niður fyrir núverandi veg og liggur þar um klapparholt með þunnri gróðurþekju og um mólendi. Um 5-7 m djúp skering verður sprengd í Krossahraun. Samkvæmt upplýsingum heimamanna er vitað um myllutóft, neðan við stöð 6880, sem verði um 15 m neðan við vegfláa og verður svæði umhverfis tóftina girt af á framkvæmdatíma. Tóftin er ekki á skrá yfir minjar í Aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018. Áætluð efnisþörf í veginn er um 43.000 m³, þar af eru um 13.000 m³ í fyllingar og neðra burðarlag úr skeringum. Gert er ráð fyrir

að um 20.000 m³ af efni í fyllingar verði tekið úr eystri hluta námu í Friðsæld, 7.000 m³ í neðra burðarlag úr vestari hluta námu í Friðsæld og 3.000 m³ í efra burðarlag og klæðingu úr námu í Fjarðará. Varðandi námu í Friðsæld er vitnað til skýrslunnar *Hringvegur. Jarðgöng undir Almannaskarð. Kynning framkvæmda*, útg. Vegagerðin 2003

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi.

Vegagerðin telur framkvæmdina ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Bæjarráð Hornafjarðar, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun telja að framvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Bæjarráð Hornafjarðar telur að ekki sé ástæða til mats á umhverfisáhrifum þar sem framvæmdin hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif hvorki vegna eðlis né umfangs hennar.

Áhrif á fjörur. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaður vegur muni á um 400 m kafla ná allt að 15 m lengra út í fjöru Skarðsfjarðar en núverandi vegur en svæði sé nr. 629 á Náttúruminjasrá, þ.e. fjörur, grunnsævi, eyjar og sker. Umhverfisstofnun telji að mögulegt sé að leggja veg um svæðið án þess að raska fjörum meira en orðið er og að Vegagerðin eigi að kynna aðra valkosti þar sem leitast verði við að hlífa fjörunni.

Í svörum Vegagerðarinnar, dags. 7. desember 2004, við athugasemdum Umhverfisstofnunar er gerð grein fyrir 4 leiðum sem skoðaðar höfðu verið og þar er einnig kynnt möguleg breyting á þeim kosti sem Vegagerðin hafið valið, kosti 1 og tilkynnt. Í bréfi Umhverfisstofnunar 17. desember 2004 kemur fram að veglagning skv. kostum 1 og 2 með fram komnum breytingum, sbr. bréf Vegagerðarinnar dags. 7. des. sl., sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Í tölvupósti dags. 22. des. sl. samþykkti bæjarráð Hornafjarðar einnig leið 1 með áörnum breytingum.

Áhrif á menningarmínjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifar hafi ekki verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en samkvæmt athugun minjavarðar Austurlands sé ekki að finna á svæðinu aðrar fornleifar en myllutóft þá sem um sé getið í gögnum Vegagerðarinnar. Þar komi fram að tóftin sé ekki í beinni hættu vegna framkvæmdarinnar og að ætlunin sé að girða af svæðið umhverfis tóftina á framkvæmdatíma. Fornleifavernd ríkisins telur mjög nauðsynlegt að þetta verði gert til að koma í veg fyrir að tóftin skemmist af vangá.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu Hringvegar á um 1,3 km kafla í landi Dynjanda og Haga, sveitarfélaginu Hornafirði. Núverandi vegur liggur út í fjöru Skarðsfjarðar á um 400 m kafla og

munu vegfláar á endurbyggðum vegi ná þar allt að 15 m lengra út í fjöruna sem er ýmist klappar- eða malarfjara. Vegagerðin hefur kynnt þá kosti sem skoðaðir hafa verið við lagningu vegarins og einnig endurskoðað þann kost, leið 1, sem hún telur bestan og upphaflega var tilkynntur. Breyting á kosti Vegagerðarinnar hefur í för með sér að vegurinn er færður um 3 m ofar á millil stöðva 6400 og 6700 og lækkaður þannig að vegflái fari um 4 m skemra út í fjöruna en upphaflega var gert ráð fyrir. Umhverfisstofnun og Hornafjarðarbær hafa fjallað um breytinguna og fallist á hana.

Á um 350 m kafla fer vegurinn um klapparholt með þunnri gróðurþekju og um mólendi. Um 5-7 m djúp skering verður sprengd í Krossahraun. Myllutóft er neðan við stöð 6880 og verður hún um 15 m neðan við vegfláa og verður svæði umhverfis tóftina girt af á framkvæmdatíma. Tóftin er ekki á skrá yfir minjar í Aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018.

Áætluð efnisþörf í veginn er um 43.000 m³, þar af eru um 13.000 m³ í fyllingar og neðra burðarlag úr skeringum, um 20.000 m³ í fyllingar úr eystri hluta námu í Friðsæld, 7.000 m³ í neðra burðarlag úr vestari hluta námu í Friðsæld og 3.000 m³ í efra burðarlag og klæðingu úr námu í Fjarðará.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka, sbr. lið 2 iii(c) í 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fram kemur í framlögðum gögnum að framkvæmdin hafi einkum áhrif á fjörur Skarðsfjarðar en með þeirri breytingu sem kynnt hefur verið á frumtillögu Vegagerðarinnar er dregið úr áhrifum á fjörur. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fjörur verði ekki veruleg og fornleifar séu ekki í hættu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmd á Hringvegi um Dynjanda í sveitarfélaginu Hornafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 31. janúar 2005.

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, sveitarfélagið Hornafjörður, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun

